

**Ed.**

**404. Breytingartillögur**

[8. mál]

við frv. til 1. um breyt. á 1. um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 5 14. marz 1955.

Frá menntamálanefnd.

1. Á undan 1. gr. frv. komi ný gr., svo hljóðandi, og breytist greinatala frv. í samræmi við það:  
Fyrir orðið „skipstjóraþróf“ í 1. gr. laganna komi: próf skipstjóra.
2. Við 2. gr. Síðari másl. orðist svo:  
Á eftir orðinu „íþróttir“ komi: einkum sund.
3. Á eftir 2. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:  
4. gr. laganna orðist svo:  
Í skólanum skulu vera þessi fullnaðarpróf: Fiskimannapróf 2. stigs, farmannapróf 3. stigs og próf skipstjóra á varðskipum ríkisins.
4. Við 6. gr. Á eftir orðinu „farmannaprófs“ í upphafi 1. efnismgr. komi orðin: 3. stigs.
5. Við 7. gr.
  - a. Á eftir orðinu „farmannaprófi“ í 1. tölul. komi orðin: 3. stigs.
  - b. Á eftir orðinu „farmannaprófs“ í 2. tölul. komi orðin: 3. stigs.
  - c. Á eftir orðinu „farmannaprófs“ í 6. tölul. komi orðin: 3. stigs.
  - d. Á eftir orðinu „farmannaprófs“ í 8. tölul. komi orðin: 3. stigs.
6. Við 10. gr. Í stað orðsins „stórþjóðamáli“ í 2. efnismgr. komi: stórþjóðarmáli.
7. Við 12. gr.
  - a. Í stað orðsins „sex“ í 1. mgr. komi: eigi færri en sex.
  - b. Í stað orðsins „fimm“ í 2. mgr. komi: eigi færri en fimm.
8. Við 13. gr.
  - a. Á eftir orðunum „góðu farmannaprófi“ í fyrri málslið komi orðin: 3. stigs.
  - b. Í stað orðsins „skipstjóraþróf“ í síðari málslið komi: skipstjóra.
9. Við 15. gr. Greinin orðist svo:  
Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði laga nr. 5/1955 gilda um þá, er hafa byrjað nám í skólanum, áður en lög þessi koma til framkvæmda.